



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsókn um aukið framlag

Á fundi skóla- og frístundaráðs 14. desember 2016 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. desember 2016, um umsókn Waldorfskólans Sólstafa um aukið framlag frá hausti 2017. Jafnframt lagt fram bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 22. apríl 2016 og 3. júní 2016, trúnaðarmál, og minnisblöð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. maí 2016 og 13. júní 2016, um umsókn Waldorfskólans Sólstafa um að greitt verði framlag vegna fleiri reykvískra nemenda. Enn fremur lagður fram þjónustusamningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Waldorfskólans Sólstafa, dags. 20. október 2015.

Lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar og Samfylkingarinnar og áheyrnarfulltrúa Pírata:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna í Waldorfskólann Sólstafi verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 57 í stað 47 nú. Gerður verði viðauki við núverandi samning aðila, dags. 20. október 2016, þar sem kveðið er á um fjölgun reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna um 10 reykvíska nemendur. Breyting taki gildi frá og með skólaárinu 2017 – 2018.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt með sex atkvæðum Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna situr hjá.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. desember 2016
Bréf Waldorfskólans Sólstafa, dags. 22. apríl 2016 og 3. júní 2016

Minnisblöð sviðsstjóra, dags. 27. maí 2016 og 13. júní 2016
Þjónustusamningur á milli SFS og Waldorsskólans Sólstafa, dags. 20. otk, 2015



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Waldorfskólans Sólstafa um aukið framlag frá hausti 2017

Með bréfi, dags.22. apríl 2016, fara fyrirvarsmenn Waldorfskólans Sólstafa fram á að fjölgað verði nemendum sem greitt er framlag vegna um 10 nemendur fyrir skólaárið 2016 – 2017

Fram kemur í skýringum skólans, dags. 3. júní 2016, að búið sé að staðfesta umsóknir 47 reykvískra nemenda og 6 umsóknir eru á bið. Nemendur úr öðrum sveitarfélögum eru í dag 15 og tvær umsóknir staðfestar fyrir næsta skólaár. Fram kemur að skólinn hafi verið í fullnýttu húsnæði með 59 nemendur í vetur og aðsókn og áhugi á skólanum sé að aukast og hægt sé að bjóða fleiri nemendum skólavist vegna stækkunar skólans. Í áætlun skólans um fjölgun nemenda var gert ráð fyrir að tekið verði á móti 70 nemendum á næsta skólaári og 80 nemendum haustið 2017. Gert er ráð fyrir að þessar tvær kennslustofur fyrir grunnskólann verði fullfrágengnar að innan og tilbúna þann 20. ágúst 2016. Eins og staðan er í dag eru byggingarframkvæmdir á áætlun. Í viðbótarskýringum skólans, dags. 6. júní 2016, kemur fram að þegar byggingin verður öll tilbúin mun hún rúma allan grunnskólann og leikskólastarfið sem hefur verið á Grundarstígnum. Þegar öll nýbyggingin verður tilbúin er gert ráð fyrir að hætt verði að nota lausar kennslustofur sem eru á lóðinni að Sól túni 6 í dag. Þá getur heildarfjöldi nemenda á grunnskólaaldri orðið allt að 80.

Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Waldorfskólinn Sólstafir hafa gert þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningur gildir til 31. október 2018 og heimilar greiðslu framlags vegna 47 reykvískra nemenda í Waldorfskólanum Sólstöfum.

Beiðni Waldorfskólans Sólstafa um að greitt verði framlag vegna fleiri nemenda en nú er var synjað af skóla- og frístundaráði þann 29. júní 2016. Samþykkt var sú málsmeðferðartillaga að vísa umsókn Waldorfskólans Sólstafa um framlag vegna fleiri reykvískra nemenda í grunnskólanum til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2017 vegna skólaársins 2017 til 2018.

Skv. upplýsingum frá Waldorfskólanum Sólstöfum í tölvuskeyti, dags. 12. desember 2016, er sótt um að nemendum verði fjölgað um 13 vegna skólaársins s2017 – 2018.

Í Waldorfskólanum Sólstöfum er nú greitt framlag vegna 45 reykvískra nemenda en að auki eru í skólanum 19 nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Fram að 31. desember 2016 gildir sú regla að útreikningur Hagstofu Íslands s vegna komandi skólaárs skal liggja fyrir í september ár hvert. Útreikningur skal byggður á ársreikningum sveitarfélaga fyrir liðið ár, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga til þess dags sem útreikningur er gerður. Verðlagsbreytingar skulu taka mið af almennum launahækkunum starfsmanna grunnskóla og breytingum á vísitölu neysliverðs að teknu tilliti til vægis hvors þáttar fyrir sig í rekstrarkostnaði grunnskólanna.

Frá og með 1. janúar 2017 skal útreikningur Hagstofu Íslands liggja fyrir fimmta dag hvers mánaðar og byggjast á næsta mánuði á undan og taka mið af verðlagsbreytingum. Sveitarfélög greiða framlög reglulega eftir því sem segir í þjónustusamningi. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.719.292 í september 2016. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegt framlag sveitarfélags á hvern nemanda í sjálfstætt reknum grunnskóla kr. 1.289.469 .-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000- eða u.þ.b. 35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ef miðað er við að breyting á útreikningum framlags leiði til 5% hækkunar á framlaginu má gera ráð fyrir að aukin framlög til skólans frá upphafi skólaársins 2017 - 2018 vegna 10 reykvískra nemenda verði kr. 6.057.130 á árinu 2017.



Waldorfskólinn Sólstafir

Sóltúni 6 104 Reykjavík
sími: 5771110

solstafir@waldorf.is

SKJALAVER HÖFÐATÖRGI
29. APR. 2016
Málsnr.: <u>SFS 2016040185</u>
Bréfalykill: <u>7-1</u>

Reykjavík 22.04 2016

Erindi: Breyting á viðmiði um fjölgun nemenda úr Reykjavík.


Waldorfskólinn óskar eftir því að viðmið um nemendafjölda, sem nú er 47 nemendur, verði aukið í 57 nemendur fyrir skólaárið 2016-2017.


Hjálagður er nemendalisti fyrir næsta skólaár. Sá listi er staðfestur, en þar að auki eru ennþá nokkrar umsóknir í ferli og umsóknir berast alveg fram í ágúst auk þess sem skólinn tekur oft á móti nýjum nemendum eftir áramót.

Samkvæmt staðfestum umsóknum fyrir næsta skólaár, sem eru 42, og þeim umsóknum sem eru í ferli, teljum við ljóst að 47 nemenda hámarksfjöldi verður ekki nægilegur fyrir þá aðsókn sem er í skólann í dag.

Skólinn er að bæta við sig nýju og stærra skólahúsnæði og er nauðsynlegt að svigrúm sé til að taka á móti þeim nemendum sem sækja um skólavist á næsta skólaári og ótækt að þurfa að vísa nemendum frá.

F.hönd Waldorfskólans Sólstafa


Sigurbjörg A. Eiðsdóttir


Snorri Traustason

Reykjavík, 27. maí 2016
 SFS2016040185
 101. fundur / fskj. 1/4
 HG/geb/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Waldorfsskólans Sólstafa um að greitt verði framlag vegna fleiri reykvískra nemenda

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar erindi frá Waldorfskólanum Sólstöfum, dags. 22. apríl 2016, þar sem óskað er eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda úr Reykjavík. Farið er fram á að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna verði aukið úr 47 nemendum í 57 nemendum fyrir skólaárið 2016 – 2017.

Fyrir liggur að skólinn hefur óskað eftir samþykki Reykjavíkurborgar fyrir stækkun húsnæðis grunnskólans, sbr. minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. júní 2016. Beiðni um að greitt sé framlag vegna fleiri reykvískra nemenda er fram borin í tengslum við umrædda stækkun húsnæðisins.

Fram kemur í skýringum skólans, dags. 3. júní 2016, að búið sé að staðfesta umsóknir 47 reykvískra nemenda og 6 umsóknir eru á bið. Nemendur úr öðrum sveitarfélögum eru í dag 15 og tvær umsóknir staðfestar fyrir næsta skólaár. Fram kemur að skólinn hafi verið í fullnýttu húsnæði með 59 nemendum í vetur og aðsókn og áhugi á skólanum sé að aukast og hægt sé að bjóða fleiri nemendum skólavist vegna stækkunar skólans. Í áætlun skólans um fjölgun nemenda var gert ráð fyrir að tekið verði á móti 70 nemendum á næsta skólaári og 80 nemendum haustið 2017. Gert er ráð fyrir að þessar tvær kennslustofur fyrir grunnskólann verði fullfrágengnar að innan og tilbúnar þann 20. ágúst 2016. Eins og staðan er í dag eru byggingarframkvæmdir á áætlun. Í viðbótarskýringum skólans, dags. 6. júní 2016, kemur fram að þegar byggingin verður öll tilbúin mun hún rúma allan grunnskólann og leikskólastarfið sem hefur verið á Grundarstígnum. Þegar öll nýbyggingin verður tilbúin er gert ráð fyrir að hætt verði að nota lausar kennslustofur sem eru á lóðinni að Sól túni 6 í dag. Þá getur heildarfjöldi nemenda á grunnskólaaldri orðið allt að 80.

Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Waldorfskólinn Sólstafir hafa gert þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningur gildir til 31. október 2018 og heimilar greiðslu framlags vegna 47 reykvískra nemenda í Waldorfskólanum Sólstöfum.

Í 43. gr. laga um grunnskóla er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla en þar kemur m.a. fram að heimilt sé að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda [og nánari útfærslu á atriðum í þjónustusamningi skv. 2. mgr.]¹⁾ Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.661.166 í september 2015. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í sjálfstætt reknnum grunnskóla kr. 1.245.874.-

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hvers nemanda að því gefnu að pláss sé fyrir hann í grunnskóla Reykjavíkurborgar er u.þ.b. 679.000,- eða u.þ.b.35% af áætluðum árlegum rekstrarkostnaði á hvern nemanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum til Waldorfskólans Sólstafa í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna skólaársins 2016-2017. Komi til þess að aukið framlag til Waldorfskólans Sólstafa verði samþykkt þarf skóla- og frístundasvið að fá til þess fjármagn úr borgarsjóði.

Reykjavík, 13. júní 2016
 SFS2016040185
 101. fundur / fskj. 2/4
 HG/geb/gs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn Waldorfsskólans Sólstafa um að greitt verði framlag vegna fleiri reykvískra nemenda

Skóla- og frístundasviði barst erindi frá Waldorfskólanum Sólstöfum dags. 22. apríl 2016 þar sem óskað var eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda úr Reykjavík. Viðmið um nemendafjölda er nú 47 nemendur en óskað er eftir að viðmið verði aukið í 57 nemendur fyrir skólaárið 2016 – 2017. Erindið var tekið fyrir á fundi skóla- og frístundaráðs 8. júní sl. og frestað þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum, m.a. um hvort þeir nemendur sem sækja Waldorfskólann væru frekar að koma úr þeim skólahverfum þar sem þröngt er fyrir.

Skólastjórn Waldorfskólans Sólstafa benti á að skólavist í Waldorfskólanum sé yfirleitt val foreldra um ákveðna skólastefnu og að flestir nemendur skólans komi úr Reykjavík. Þeir vilja ítreka að fjölgun nemenda úr Reykjavík á næstu árum sé forsenda fyrir því að skólinn geti blómstrað áfram. Ætla megi að þeir leikskólanemendur sem ljúka skólavist í leikskóladeildinni sem áætluð sé í Sóltúni frá og með næsta ári, muni kjósa að halda áfram skólagöngu sinni í Waldorfskólanum Sólstöfum í Sóltúni haustið 2017.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem borist hafa frá skólanum eru þeir 42 nemendur sem staðfest hafa umsóknir um skólavist við skólann næsta vetur flestir til heimilis miðsvæðis í borginni. 6 eru búsettir í Vesturbæ flestir í skólahverfi Melaskóla, 11 í Miðborg/Híðum (Háteigsskóli og Austurbæjarskóli), 11 úr Laugardal/Háaleiti (Laugarnesskóli, Langholtsskóli og Breiðagerðisskóli) 10 úr hverfum austan Elliðaána og 3 utan Reykjavíkur.

Af þeim sem eru enn á bið eru tvær umsóknir frá nemendum sem búsettir eru í Vesturbæ (skólahverfi Melaskóla), tvær umsóknir í 6. bekk frá nemendum sem eru í Langholtsskóla og Austurbæjarskóla, þrjár nemendur á yngsta stigi sem búsettir eru erlendis og hafa ekki staðfest heimilisfang.